

Reykjavík, 8. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingsjóði (351. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Viðskiptaráð sendi inn umsögn vegna ofangreinds frumvarps á síðasta löggjafarþingi, 259. mál. Ekki voru gerðar breytingar á frumvarpinu í samræmi við þær athugasemdir sem voru gerðar þar, eru því þær athugasemdir ítrekaðar hér.

Það frumvarp sem er til umsagnar er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum. Viðskiptaráð fagnar því að heildarendurskoðun á lögnum hafi farið fram. Rík ástæða var til að fara í endurskoðun regluverks á fjármálamörkuðum, enda ein forsenda uppbyggingar trausts og trúverðugleika í kjölfar falls bankanna.

Viðskiptaráð fagnar einnig því samráði sem haft var við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og aðra hagsmunaaðila við vinnslu á umræddu frumvarpi. Þeir aðilar sem hvað best þekkja viðkomandi svið eru jú einmitt þeir sem starfa í því dag frá degi. Ráðið vill hvetja nefndir Alþingis til að stuðla frekar að slíkum vinnubrögðum enda meiri líkur að sátt ríki um löggjöf sem byggð er á samráðsgrundvelli og samvinnu. Slík vinnubrögð eru einnig til þess fallin að mismunandi sjónarmið og hagnýt þekking á hverju sviði skili sér í skilvirkari og framkvæmanlegri löggjöf.

Viðskiptaráð telur hins vegar ástæðu til að gera athugasemdir við nokkra þætti í frumvarpinu. Að mati ráðsins ber sérstaklega að varast við endurskoðun á löggjöf, eins og þá sem farið er í með umræddu frumvarpi, að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er í takmörkun á viðskiptum. Atburðir haustsins 2008 og núverandi efnahagsaðstæður kalla vissulega á ígrundaða endurskoðun regluverks. Það verður þó að hafa í huga að endurskoðun undir slíkum aðstæðum getur hæglega leitt af sér innleiðingu reglna sem byggja öðru fremur á tortryggni en greiningu á ástæðum atburða og hagfelldum úrlausnum. Er það mat ráðsins að viss ákvæði frumvarpsins feli þannig í sér of miklar takmarkanir á viðskiptum og geti leitt til þess að torvelt verður að byggja upp fjármálamarkaði að nýju. Vísar ráðið þar einkum til takmarkana sem koma fram í F. hluta II. kafla frumvarpsins, um fjárfestingarheimildir, og leggur ráðið til að þær verði endurskoðaðar. Er þar sérstaklega átt við þær er snúa að ströngum hæfisreglum starfsmanna og takmörkunum á fjárfestingaheimildum. Til frekari skýringar vísast til umsagnar SFF.

Þeir atburðir sem áttu sér stað á fjármálamarkaði haustið 2008 hafa sýnt fram á, eins og áður segir, að rík þörf er á skilvirkari eftirliti og auknum kröfum til fyrirtækja og stofnana sem starfa á fjármálamörkuðum. Það er því jákvæð þróun að frekari kröfur séu gerðar til rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða sem löggin ná yfir og að heimildir Fjármálaeftirlitsins til beitingu stjórnvaldssekta séu rýmkaðar. Að endingu vill Viðskiptaráð árétta mikilvægi þess að endurskoðun regluverks á fjármálamarkaði hér á landi taki jafnframt mið af sambærilegri endurskoðun innan Evrópska Efnahagssvæðisins svo samræmis sé gætt í rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja héraðs og erlendis.

Hvað frekari athugasemdir varðandi umrætt frumvarp vísast til umsagnar SFF.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til athugasemda SFF.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands